

## Tillaga til þingsályktunar

um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu.

Flm.: Þuríður Backman, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar K. Guðfinnsson,  
Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar sem gera smásölu á tóbaki háða leyfisveitingu.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillögur um sama efni hafa verið fluttar á undanförunum þingum en ekki náð fram að ganga.

Skaðsemi tóbaks er óumdeild. Þrátt fyrir að þó nokkuð hafi dregið úr tóbaksnotkun á undanförunum áratugum, ekki síst vegna mikils og markviss áróðurs, eru reykingar engu síður algengar eins og fram hefur komið í fjölda kannana. Kannanir hafa einnig sýnt að dregið hefur úr reykingum barna og unglinga síðustu tvö árin. Þannig má nefna að hlutfall þeirra sem einhvern tíma hafa reykt lækkar úr 59% árið 1998 í 52% árið 2000 og hlutfall þeirra sem reykja daglega lækkar úr 24% árið 1998 í 16% árið 2000.

Þessum árangri verður að fylgja eftir með þeim aðferðum sem talið er að best gagnist í tóbaksvörnum, svo sem með takmörkuðu aðgengi að tóbaki.

Samkvæmt upplýsingum Tóbaksvarnanefndar má ætla að íslenskir grunnskólanemendur hafi varið liðlega 110 millj. kr. til tóbakskaupa árið 1999. Öll sú tóbakssala er ólögleg, enda er bannað samkvæmt lögum nr. 74/1984, sbr. 8. gr. laga nr. 101/1996, að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak. Af þessum 110 millj. kr. má ætla að nemendur í 8. bekk, 13 ára, hafi keypt sigarettur fyrir rúmlega 12 millj. kr. Því yngri sem unglingar byrja að reykja, þeim mun háðari verða þeir tóbaki og því líklegri er að þeir reyki sem fullorðnir. Því yngri sem einstaklingur er þegar hann byrjar að reykja, þeim mun líklegri er einnig að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Yfir 80% allra reykingamanna byrja að reykja áður en þeir ná 18 ára aldri.

Þá er þess einnig að geta að talin er sterk fylgni milli tóbaksreykinga ungmenna og hættu á að þeir leiðist út í neyslu annarra og enn hættulegri vímuefna. Því hefur verið haldið fram að takist að koma í veg fyrir að unglingar reyki eða neyti áfengis eru nánast engar líkur til þess að þeir ánetjist sterkari fíkniefnum. Samkvæmt ársskýrslu frá SÁÁ reykja yfir 95% þeirra sem leita sér aðstoðar vegna áfengisvandamála og er næsta fátítt að sá sem verður eiturlyfjum að bráð reyki ekki. Því er ljóst að mikils er um vert að allra leiða sé leitað til þess að draga úr reykingum almennt og þó sérstaklega reykingum barna og unglinga.

**Prentað upp.**

Í upplýsingum frá Tóbaksvarnanefnd, sem birtar voru í janúar árið 2000, kemur fram að u.þ.b. 26,6% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára reyktu daglega árið 1999, en það er um fjórðungur Íslendinga á þessum aldri. Kannanir á þessu ári hafa sýnt lægri tölur og má leiða líkur að því að sú verði niðurstaðan eftir árið. Notkun vindlinga er langalgengust, eða 74,6% í hópi þeirra karla sem reykja og 96,6% í hópi kvenna sem reykja.

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að með því að draga úr möguleikum — einkum unglunga — til að nálgast tóbak væri stórt skref stigið í þá átt að draga úr reykingum barna og unglunga. Af könnunum sem gerðar hafa verið m.a. í Reykjavík og nágrenni má ráða að í u.þ.b. 70% tilvika geti unglingar undir 18 ára aldri keypt sigarettur í verslunum og söluturnum. Víða vantar því mikið á að verslanir sem selja tóbak framfylgi lagaákvæðum um bann við sölu þess til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Leiða má líkur að því að ef sölustöðum tóbaks fækkaði yrði mikilvægt skref stigið til þess að draga úr reykingum unglunga. Samhliða leyfisskyldu á smásölu tóbaks þyrfti að auka eftirlit til muna, en það er tæplega nokkurt eins og málum er háttað nú.

Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði fyrir Tóbaksvarnanefnd árið 1999 kom fram að meiri hluti fólks (56%) er mjög hlynntur eða frekar hlynntur því að fækka sölustöðum tóbaks. Athyglisvert er að sjá að rúmlega 43% þeirra sem reykja daglega eru hlynntir því að sölustöðum verði fækkað.

Mikil þörf er á róttækum úrræðum til að stuðla að því að lagaákvæðum um sölu tóbaks verði framfylgt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur sett tóbaksvarnir sem eitt af forgangsverkefnum stofnunarinnar og er þar fremst á lista að hefta sölu tóbaks til barna og unglunga.

Hér er farin sú leið að leggja til að í lögum um tóbaksvarnir og í heilbrigðisreglugerð verði sett ákvæði um að til þess að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi. Lagt er til að leyfi til tóbakssölu verði tímabundið, t.d. til þriggja ára í senn, en skilgreind ákveðin viðurlög ef um brot á reglunum er að ræða. Þá sé einnig skýrt að leyfi til tóbakssölu verði ekki endurnýjað ef sannað er að brotið hafi verið verulega eða ítrekað gegn lagaákvæðum um sölu tóbaks.